

**Sp.**

**385. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 337 (Ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað).

Frá Eysteini Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1000000 kr. lán til endurbyggingar sildarverksmiðjunni Rauðku gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að fjárhæð 3,5 millj. kr. Nú fer kostnaður við endurbygginguna fram úr 5 milljónum króna, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast viðbótarlán í þessu skyni, þó ekki yfir 500 þús. kr., gegn sama (3.) veðrétti, enda fari fjárhæð sú, sem ríkið ábyrgist, eigi fram úr 25% af stofnkostnaði.